

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Fjallabyggð.

Útivistarsvæði í Hóls- og Skarðsdal, Siglufirði – breytt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 18. júní 2021 breytingu á deiliskipulagi útivistarsvæðis í Hóls- og Skarðsdal, Siglufirði. Breytingarsvæðið afmarkast af námu við enda bílastæðis sem áætlað er við skíðasvæðið í Skarðsdal. Breytingin felur í sér að staðsett er ný náma á framkvæmdasvæði þar sem verið er að koma fyrir nýrri aðkomu fyrir skíðasvæðið í Skarðsdal. Náma þessi mun uppfylla efnisþörf við framkvæmdir á svæðinu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 27. maí 2022.

Guðrún Sif Guðbrandsdóttir staðgengill bæjarstjóra.

B-deild – Útgáfudagur: 27. maí 2022